

Mál nr. 246/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna rakaskemmda á parketi.****Gögn.**

Málskot dags. 18.07.2019.

Bréf V dags. 29.7.2019.

Viðbótarathugasemdir frá M, dags. 01.08.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt atvikalýsingu í málskoti varð vatnstjón að heimili M og gat hún því ekki dvalist þar. Í kjölfarið fékk hún, og kettir í hennar eigu, að dveljast tímabundið í fasteign vinar hennar. Nokkrum dögum eftir vatnstjónið flutti M kattaklóru sem hafði verið á heimili hennar en geymd til þurrkunar í bilskúr eftir vatnstjónið, í fasteignina þar sem hún dvaldi, í þeirri trú að kattaklóran væri orðin þurr. Svo reyndist þó ekki vera og hlaust af nokkurt raka- og myglutjón á parketinu þar sem klóran var staðsett. Krefst M bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar sinnar vegna þessa.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að í skilmálum viðkomandi vátryggingar sé sérstaklega, í b-lið 15. gr., tekið fram að vátryggingin bæti ekki tjón á munum sem vátryggður hafi að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslum hans. Ljóst sé að umrætt húsnæði sé í vörslum M en auk þess sé megi rekja tjónið til langvarandi raka eða vatnsleka og/eða myglu og sé það því einnig undanskilið á þeim forsendum, sbr. i-lið sömu greinar. Enn fremur telur V að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til sakar M og þar af leiðandi sé umrætt atvik ekki bótaskyld.

Í viðbótarathugasemdum M áréttar hún að hún sé hvorki með viðkomandi fasteign að láni né leigu heldur hafi hún fengið inni hjá vini sínum og framlag hennar felist í innkaupum á mat og slíku.

Álit:

Af þeim upplýsingum sem fyrir nefndinni liggja verður helst ráðið að M, ásamt köttum sínum, hafi fengið að dveljast sem gestkomandi á heimili vinar M í einhvern tíma, meðan viðgerðir fóru fram á heimili hennar. Ekki hefur verið sýnt fram á að fasteign vinarins hafi verið í vörslum M eða að hún hafi haft hana að leigu eða láni í skilningi áður nefnds ákvæðis, en það er V að sýna fram á slíkt. Verður því ekki fallist á að undantekning þessi eigi við. Þá verður ekki talið að umræddar skemmdir á parketi megi rekja til „langvarandi raka eða vatnsleka og/eða myglu“ í skilningi ákvæðis i-liðar 15. gr. eins og V heldur fram. Að mati nefndarinnar verður þá ekki fallist á að um óhappatilvik hafi verið að ræða heldur verði að meta M það til gáleysis að hafa staðsett kattaklóru á parketi aðeins nokkrum dögum eftir að klóran var staðsett í fasteign þar sem „heitt vatn bunaði í ca. 10-12 tíma“ samkvæmt upplýsingum í málskoti. Samkvæmt öllu framansögðu er bótaskylda úr ábyrgðarlið vátryggingar M hjá V því fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar M hjá V er fyrir hendi.

Reykjavík 29. ágúst 2019

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.